

Fréttatilkynning
15. ágúst 2016

Styrking krónunnar leiðir til taps á fyrrihluta ársins

Árshlutareikningurinn er nú birtur í fyrsta skiptið í bandaríkjadöllum (USD) sem er starfrækslugjaldmiðill Landsnets frá ársbyrjun 2016. Fjármögnun félagsins er að mestu í íslenskum krónum og hefur þróun USD gagnvart henni verið óhagstæð frá áramótum.

Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði (EBIT) nam 27,6 m. USD (3.265,7 millj.kr) samanborið 28,6 m. USD (3.379,7 millj.kr) árið áður og er daglegur rekstur félagsins stöðugur. Tap Landsnets hf. samkvæmt rekstrarreikningi nam 2,6 m. USD (312,7 millj.kr) fyrstu 6 mánuði ársins 2016 samanborið við 11,8 m. USD (1.393,5 millj.kr) hagnað á sama tímabili árið 2015.¹

Heildareignir félagsins í lok júní námu 802,9 m. USD (94.964,8 millj.kr) samanborið við 794,6 m. USD (93.986,5 millj.kr) í lok árs 2015. Heildarskuldur námu í lok júní 484,7 m. USD (57.327,4 millj.kr) samanborið við 470,9 m. USD (55.692,6 millj.kr) í lok árs 2015.

Eiginfjárhlutfall í lok tímabilsins var 39,6% samanborið við 40,7% í lok ársins 2015. Eigið fé í lok tímabilsins nam 318,2 m. USD (37.637,4 millj.kr) samanborið við 323,8 m. USD (38.293,9 millj.kr) í lok árs 2015.

Lausafjárstaða Landsnets er sterk, handbært fé í lok júní nam 67,0 m. USD (7.921,7 millj.kr) og handbært fé frá rekstri á tímabilinu nam 26,8 m. USD (3.164,2 millj. kr).

Guðmundur Ingi Ásmundsson forstjóri:

„Við erum í fyrsta skipti að birta reikninginn í bandaríkjadöllum og skýrist tap tímabilsins að mestu af styrkingu krónunnar frá áramótum og sjáum við áhrif þess í fjármagnsliðum. Rekstarkostnaður á milli ára hækkar og skýrist það m.a af launahækkunum byggðum á SALEK samkomulaginu. Unnið er að endurfjármögnun og er markmiðið okkar að aðlaga fjármögnunina að USD og breyta afborgunarferil lána. Það er ánægjulegt að sjá að árshlutareikningurinn sýnir að rekstur Landsnets er stöðugur og eiginfjárstaða félagsins er sterk.“

Hér er hægt að nálgast árshlutareikninginn.

Frekari upplýsingar veitir:

Guðlaug Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri fjármála, sími 563 9311 eða netfang gudlaugs@landsnet.is

¹ Til viðmiðunar eru sýndar íslenskar krónur, notast var við gengi USD /ISK 118,28

<i>Fjárhæðir eru í þús. USD</i>	1.1.-30.6.2016	1.1.-30.6.2015
Rekstrarreikningur		
Rekstrartekjur	65.350	60.997
Rekstrargjöld	(37.740)	(32.423)
Rekstrarhagnaður	27.610	28.574
Hrein fjármagnsgjöld	(31.064)	(13.949)
Áhrif hlutdeildarfélags	119	81
(Tap) hagnaður fyrir tekjuskatt	(3.335)	14.706
Tekjuskattur	691	(2.925)
(Tap) hagnaður	(2.644)	11.781

<i>Fjárhæðir eru í þús. USD</i>	30.6.2016	31.12.2015
Efnahagsreikningur		
Fastafjármunir	709.568	709.797
Veltufjármunir	93.313	84.813
Eignir samtals	802.881	794.610
Eigið fé	318.206	323.756
Langtímaskuldir	453.374	435.873
Skammtímaskuldir	31.301	34.981
Eigið fé og skuldir samtals	802.881	794.610

<i>Fjárhæðir eru í þús. USD</i>	1.1.-30.6.2015	1.1.-30.6.2015
Sjóðstreymi		
Handbært fé frá rekstri.....	26.752	24.705
Fjárfestingahreyfingar.....	(15.983)	(9.345)
Fjármögnunarahreyfingar.....	(9.712)	(55.320)
Áhrif gengisbr./þýðingarmunur.....	627	(715)
Handbært fé í ársbyrjun.....	62.290	96.412
Handbært fé í lok tímabils	63.974	56.170

<i>Fjárhæðir eru í þús. USD</i>	1.1.-30.6.2015	1.1.-30.6.2015
Helstu kennitölur		
EBITDA	41.654	39.229
	30.6.2015	31.12.2015
Eiginfjárhlutfall	39,6%	40,7%